

Viðbótartillögur til Stjórnarskrár Íslands 30.11.11

Lúðvíg Lárusson, Furugerði 6, 108 Reykjavík, kt.: 220447-2439

UNDIRSTÖÐUR

Eignarréttur einstaklinga á eigin erfðaupplýsingum

Eignarréttur og nýtingarréttur einstaklinga á upplýsingum um erfðamengi þeirra sé á höndum hvers og eins. Eigandi ákvarðar sjálfur hvort og með hvaða hætti upplýsingarnar eru nýttar. Umboðsmaður eigenda útdeilir notkun upplýsinganna, þeirra sem velja svo, og sér um samninga um greiðslu fyrir nýtinguna.

Forsendur:

Fátt getur verið persónulegra en erfðaupplýsingar einstaklinga og ber að virða eignarrétt þeirra. Tilgangurinn er að hindra misnotkun óskyldra aðila á upplýsingunum eins og vinnuveitendur, tryggingafélög en jafnframt að eðlileg verðmyndun skapist fyrir notkun erfðaupplýsinga í rannsóknar-, og hagnýtingarskyni.

Eignarréttur á jarðnæði

Eignar- og nýtingarréttur landeigenda inniberi að hann ákveði með hvaða hætti jörð og landgæði jarðarinnar eru nýtt. Nýtingarréttur landeigenda á jörðum sé allur þeirra nema lög kveði á um annað, sbr. auðlindir á jörðum sem eru skilgreindar sem eign ríkisins eða að skipulagsákvæði kveði um annað.

Forsendur:

Núverandi lagaumhverfi landbúnaðar, sérstaklega sauðfjárræktar er úrelt og mismunar ólíkum greinum innan landbúnaðarins, sérstaklega skógrækt. Í þessu sambandi er vert að undirstrika að gróður er auðlind og rányrkja á gróðri í formi lausagöngu búfjár er í andstöðu við almennan eignarrétt.